



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanessbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Reykjanessbær,
b.t. Kjartans M. Kjartanssonar,
Tjarnargötu 12

230 Reykjanessbær.

Reykjanessbær 20.02.2020.

Efni: Sameiginleg atvinnustefna fyrir Suðurnes.

Á fundi stjórnar S.S.S. nr. 753 sem haldinn var 19. febrúar 2020 var fundargerð Heklunnar nr. 76 á dagskrá. Eftirfarandi var fært til bókar:

„Jafnframt tekur stjórn S.S.S. undir með stjórn MR og Heklunnar um að nauðsynlegt sé að samræma í eitt skjal atvinnustefnur aðildarsveitarfélaga S.S.S., með það að markmiði að gera eina heildstæða atvinnustefnu fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum þar sem styrkleikar og áherslur allra aðildarsveitarfélaga ná fram að ganga. Þetta gæti verið eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja. Framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið áfram“.

Nýtt tímabil Sóknaráætlunar Suðurnesja er að hefjast en m.a. eru markmið hennar að fjölgja nýskráðum fyrirtækjum um 5% og að auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs um 20% á gildistíma hennar.

Mikilvægt er að fá upplýsingar um áherslur allra sveitarfélaga á Suðurnesjum í atvinnumálum svo hægt sé að vinna eina heildstæða stefnu fyrir Suðurnes. Í Svæðisskipulagi Suðurnesja eru atvinnusvæði skilgreind án þess að fram komi beint hvernig atvinnustarfsemi verði staðsett á þeim.

Eins og fram kemur í bókun stjórnar S.S.S. er hægt að vinna atvinnustefnu sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja. Kostnaður aðildarsveitarfélaganna fælist helst í vinnuframlagi starfsmanna og kjörinna fulltrúa en annar kostnaður yrði greiddur af S.S.S.

Afurð þessarar vinnu væri heildstæð stefna en þannig væri hægt að sækja þau fyrirtæki sem samræmast stefnu sveitarfélaganna Suðurnesjum til að flytja sig á svæðið eða opna nýja starfsemi.

Hér með er óskað eftir afstöðu Reykjanessbæjar til þátttöku í verkefninu.

Virðingarfyllst,

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri